

REGLUGERÐ

174

30. des.

um breyting á reglugerð nr. 180 frá 1952 fyrir Ráðningarstofu Reykjavíkur.

1. gr.

Á eftir 3. tölulið 2. gr. komi þrír nýir töluliðir:

4. að leitast við að útvega öryrkjum og öðrum mönnum með skerta starfsorku, er eigi geta stundað hvaða vinnu sem er, hentuga atvinnu við þeirra hæfi.
 5. að hafa milligöngu um ráðningu starfsfólks bæjarins og bæjarstofnana, er laun tekur skv. XI. til XV. flokki samþykktar um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.
 6. að fara með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík samkv. reglugerð frá 21. sept. 1954.
- Aðrir töluliðir greinarinnar breytast samkv. þessu.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Stjórn ráðningarstofunnar ræður forstöðumann stofunnar, fulltrúa og aðra starfsmenn, eftir því sem þurfa þykir, setur þeim starfsreglur og hefur yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

Varðandi ráðningu starfsmanna, tölu þeirra og verkaskiptingu, þarf samþykki bæjarstjórnar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

175

31. des.

um breyting á reglum um merkingu skipa nr. 25 25. febr. 1954.

Aftan við umdæmisbókstafina í 3. gr. bætist: DA Dalasýsla.

Breyting þessi á reglum um merkingu skipa nr. 25/1954, sem settar eru samkvæmt 27. gr. laga nr. 17 8. marz 1948, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1954.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.